

Samkeppniseftirlitið
04 246

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Samkeppniseftirlitið
kt. 410705-0600
Borgartún 26, 125 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns

Samkeppniseftirlitið er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli samkeppnislaga nr. 44/2005.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 484,4 milljónir og afkoma kr. -26,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -17,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 34,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Samkeppniseftirlitsins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Stjórn Samkeppniseftirlitsins og forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Samkeppniseftirlitsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 15. maí 2019

Staður, dags.

Stjórn Samkeppniseftirlitsins

Ármann Þor
Katrín Helgadóttir
Verdur Gunnarsson

Forstöðumaður

Ólafur Þ.

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	481.500.000	457.747.223
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	2.852.926	3.490.767
Tekjur samtals		<u>484.352.926</u>	<u>461.237.990</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	387.912.752	359.929.296
Annar rekstrarkostnaður	5	120.131.014	92.474.927
Afskriftir	6	2.852.926	3.490.767
Gjöld samtals		<u>510.896.692</u>	<u>455.894.990</u>
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(26.543.766)	5.343.000
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(66.231)	(27.482)
		<u>(66.231)</u>	<u>(27.482)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(26.609.997)</u></u>	<u><u>5.315.518</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		<u>8.085.276</u>	<u>9.487.919</u>
Fastafjármunir samtals		<u>8.085.276</u>	<u>9.487.919</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	7	<u>26.699.056</u>	<u>52.387.217</u>
Veltufjármunir samtals		<u>26.699.056</u>	<u>52.387.217</u>
Eignir samtals		<u><u>34.784.332</u></u>	<u><u>61.875.136</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		<u>(17.120.902)</u>	<u>9.489.095</u>
Eigið fé samtals		<u>(17.120.902)</u>	<u>9.489.095</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	4.233.841	10.772
Viðskiptaskuldir		6.395.306	0
Ýmsar skammtímaskuldir	9	33.141.094	42.887.350
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	10	<u>8.134.993</u>	<u>9.487.919</u>
Skuldir samtals		<u>51.905.234</u>	<u>52.386.041</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>34.784.332</u></u>	<u><u>61.875.136</u></u>
Aðrar upplýsingar	11		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(26.609.997)	5.315.518
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	2.852.926	3.490.767
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.852.926)	(3.490.767)
		<u>(26.609.997)</u>	<u>5.315.518</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		29.911.230	(17.904.022)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(3.350.950)	11.920.463
		<u>26.560.280</u>	<u>(5.983.559)</u>
		<u>(49.717)</u>	<u>(668.041)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(1.450.283)	(7.252.777)
		<u>(1.450.283)</u>	<u>(7.252.777)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		1.500.000	7.252.777
		<u>1.500.000</u>	<u>7.252.777</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	(668.041)
Handbært fé í byrjun árs		0	668.041
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	483.000.000	465.000.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(1.500.000)	(725.277)
Tekjufærsla fjárveitinga	481.500.000	457.747.223
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.852.926	3.490.767
	<u>484.352.926</u>	<u>461.237.990</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	487.100.000	0	0	487.100.000
Fjáraukalög	0	0	0	0
Launbætur	(4.100.000)	0	0	(4.100.000)
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(1.500.000)	0	0	(1.500.000)
Fjárveiting til tekna	481.500.000	0	0	481.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(508.109.997)	0	0	(508.109.997)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(26.609.997)	0	0	(26.609.997)

	2018	2017
4 Laun og launatengd gjöld		
Laun	315.314.885	288.070.850
Orlof, breyting	650.047	5.664.900
Launatengd gjöld	70.810.099	64.324.421
Starfsmannakostnaður	1.137.721	1.869.125
	<u>387.912.752</u>	<u>359.929.296</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	24,2	23,0
------------------------------	------	------

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.924.507	1.509.651
Byggingarvörur, almennar	13.982	63.772
Ýmis tæki og áhöld	1.280.912	1.608.498
Orkugjafar	683.348	955.389
Matvæli	4.122.228	3.429.105
Almennar rekstrarvörur	147.399	210.062
Ýmsar sérgreindar vörur	2.440	0
Vörukaup, almenn	8.174.816	7.776.477
Fundir, námskeið, risna	1.019.618	1.301.064
Ferðir, uppihald	4.449.393	3.225.875
Akstur	560.816	818.306
Sérfræðiþjónusta	36.939.101	22.070.421
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	50.197	26.328
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	11.573.444	4.924.769
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	4.708.982	5.168.387
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	59.301.551	37.535.150
Afnotagjöld	16.497.103	10.761.210
Leigugjöld	29.117.410	28.448.791
Notkun véla og flutningatækja	17.650	62.733
Verkkaup	3.753.122	4.965.968
Kostnaðarhlutdeild	3.269.362	2.924.598
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	52.654.647	47.163.300
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>120.131.014</u>	<u>92.474.927</u>

Skýringar

6 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	8.085.276	9.487.919
	<u>8.085.276</u>	<u>9.487.919</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

		Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2018		25.627.056
Viðbætur á árinu		<u>1.450.283</u>
		27.077.339
Afskriftir 1.1.2018		16.139.137
Afskrift ársins		<u>2.852.926</u>
		18.992.063
Staða 31.12.2018		<u>8.085.276</u>
	31.12.2018	31.12.2017

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	25.688.161
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	<u>26.699.056</u>	<u>26.699.056</u>
	26.699.056	52.387.217

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	3.588.989	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	<u>644.852</u>	<u>10.772</u>
	4.233.841	10.772

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	9.489.095	(22.525.479)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	26.699.056
Afkoma ársins	<u>(26.609.997)</u>	<u>5.315.518</u>
Jöfnuður 31.12.	(17.120.902)	9.489.095

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 26,7 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirætlum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

	31.12.2018	31.12.2017
Ógreitt orlof	33.014.003	32.363.956
Ógreidd laun	0	1.563.184
Önnur ógreidd gjöld	<u>127.091</u>	<u>8.960.210</u>
	33.141.094	42.887.350

9 Ýmsar skammtímaskuldir

Skýringar

10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	8.085.276	9.487.919
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	49.717	0
	<u>8.134.993</u>	<u>9.487.919</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	9.487.919	0	9.487.919
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	0	0
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga		1.500.000	1.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.450.283	(1.450.283)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(2.852.926)</u>	<u>0</u>	<u>(2.852.926)</u>
	<u>8.085.276</u>	<u>49.717</u>	<u>8.134.993</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 2,4 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

11 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2027 og ýmsa þjónustusamninga til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 29,7 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 16 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningskiladags sem hafa áhrif á upplýsingar í ársreikningi þessum.